

IS

IS

IS



FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA

Brussel, ...
C

Tillaga að

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../...

frá [...]

um tæknilegar kröfur og stjórnsýsluferla í tengslum við kynningarflug sem framkvæmd eru af þjálfunarstofnunum og sem breytir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1178/2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýsluferla í tengslum við áhafnir í almenningsflugi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008

Tillaga að

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../...

frá [...]

um tæknilegar kröfur og stjórnsýsluferla í tengslum við kynningarflug sem framkvæmd eru af þjálfunarstofnunum og sem breytir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1178/2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýsluferla í tengslum við áhafnir í almenningsflugi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA

Hefur með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins frá 20. febrúar 2008 nr. 216/2008/EB, um almennar reglur á sviði almenningsflugs, stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, og afnám tilskipunar Evrópuráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002, og tilskipunar 2004/36/EB¹, einkum gr. 7(6), 8(5) og 10(5),

Þar sem:

- (1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1178/2011 eru settar fram ítarlegar reglur um vottorð fyrir þjálfunarstofnanir fyrir flugmenn og fluglækningastöðvar. Vottorðið skal gefið út að uppfylltum ákveðnum tæknilegum og stjórnsýslulegum kröfum. Ráð skal því gert fyrir reglum um stjórnsýslu- og stjórnunarkerfi þessara stofnana.
- (2) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 ætti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að taka upp nauðsynlegar útfærslureglur til að skapa skilyrði fyrir öruggan rekstur loftfara. Reglugerð (EB) nr. .../... stofnsetti þessar útfærslureglur.
- (3) Núverandi reglugerð breytir reglugerð (EB) nr. 1178/2011 þannig að hún innihaldi sérstakar tæknilegar kröfur og stjórnsýsluferla fyrir kynningarflug.
- (4) Til að tryggja hnökralaus umskipti og hátt, samræmt öryggisstig í almenningsflugi innan Evrópusambandsins, ættu útfærsluáðgerðir að endurspeglar nýjustu tækni, þar á meðal viðurkennt verklag, og vísindalegar og tæknilegar framfarir á sviði flugreksturs. Því ætti að íhuga tæknilegar kröfur og stjórnsýsluferli sem samþykkt eru á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og Flugöryggissamtaka Evrópu fram til 30. júní 2009, sem og nágildandi lög er tengjast umhverfi í einstökum löndum.
- (5) Flugöryggisstofnun Evrópu útbjó tillögur að útfærslureglum og lagði þær fram sem álit fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við gr. 19(1) í reglugerð (EB) nr. 216/2008.
- (6) Þær aðgerðir sem tilgreindar eru í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar sem var stofnsett með 65. grein reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

¹ Stjórnartíðindi Evrópu L 79, 13.3.2008, bls.1.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ :

Grein 1

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1178/2011 er hér með breytt sem hér segir:

1. Ný málsgrein ORA.ATO.155 er felld inn í viðauka VII.

‘ORA.ATO.155 Kynningarflug

Samþykkt þjálfunarstofnun getur boðið upp á flug gegn endurgjaldi í þeim tilgangi að kynna starfsemi sína, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- (a) við starfræksluna er tekið á loft og lent á sama flugvelli eða starfsstöð á ELA2 loftförum eða á loftbelgjum í nánasta umhverfi;
- (b) þessi starfsemi fer fram ekki lengur en í fjóra daga á ári;
- (c) flugstjórinn hefur að minnsta kosti:
 - (1) CPL; eða
 - (2) PPL, SPL eða BPL með áritun frá kennara; og
- (d) stöðluðum verklagsferlum er lýst í rekstrarhandbókinni.

Grein 2

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi og eiga við á 20sta degi eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gert í Brussel, [...]

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

[...]

Forsetinn